

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR EYÐINGU MEINDÝRA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu meindýra, til aflífunar á músum, rottum og hryggleysingjum með útrýmingarefnum, þegar þess er óskað af viðskiptavinum eða lögaðilum.	941/2002 3. g 7. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 14. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem gilda um starfsemina sé fylgt sem og kröfum heilbrigðiseftirlits.	941/2002 14. gr.	

2. Almenn skilyrði

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Sá einn má starfa við meindýraeyðingu í atvinnuskyni sem er handhafi gilds notendaleyfis fyrir útrýmingarefnum gefnu út af Umhverfisstofnun. Skal hann framvísa gildu leyfisskírteini þegar þess er óskað af viðskiptavinum og eftirlitsaðilum, til staðfestingar á því að hann búi yfir tilskilinni þekkingu til að stunda eyðingu meindýra.	980/2015 5. gr og 10. gr.	
2.2	Útrýmingarefni sem notað er við eyðingu meindýra skal hafa leyfi til þess að vera á markaði hér á landi.	980/2015 10. gr.	
2.3	Óheimilt er að endurselja eða láta af hendi með öðrum hætti útrýmingarefni sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni, nema að hafa tilkynnt um markaðssetningu þeirra til Umhverfisstofnunar.	Efnalög 61/2013 24. gr.	
2.4	Ef aflífa þarf mýs eða rottur skal það gert með skjótum og sársaukalausum hætti og í samræmi við viðeigandi lög og reglur.		

3. Meðferð varnarefna og flutningur

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Varnarefni skal varðveita í umbúðum framleiðanda sem skulu vera merktar samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur. Öryggisblöð á íslensku skulu vera aðgengileg með vörunum.	980/2015 17. gr. 415/2014 4gr 878/2014 4.gr. 888/2015 II.Viðau	
3.2	Þeim sem starfa við eyðingu meindýra ber að fylgja notkunarleiðbeiningum fyrir þau útrýmingarefni sem þeir nota.	980/2015 11. gr.	
3.3	Persónuhlífar og geymsla sem ætluð er til varðveislu á varnarefnum, skulu vera viðurkenndar af Vinnueftirlitinu.	980/2015 16. gr.	

3.4	Varnarefni til almennrar notkunar skal geyma á tryggan hátt og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Varnarefni sem ætluð eru til notkunar í atvinnuskyni skulu geymd í læstum hirslum eða rými sem skulu greinilega auðkennd með viðeigandi varnaðarorðum eins og „Varúð“, og/eða „Eitur“. Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.	980/2015 17. gr.	
3.5	Gæta skal fyllsta öryggis við flutning varnarefna. Efni skulu vera í lokuðum hirslum og skulu vera geymd þannig að börn eða dýr nái ekki til. Ávallt skal gæta ítrustu varúðar og tryggja að varnarefni valdi hvorki tjóni á mönnum, dýrum eða umhverfi, né berist í matvæli eða fóður. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til verndar vatnavistkerfis og drykkjarvatni fyrir áhrifum af útrýmingarefna.	980/2015 18. gr. og 25. gr.	

4. Framkvæmd meindýraeyðingar

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Áður en hafist er handa um útrýmingu meindýra, skal meindýraeyðir kynna sér aðstæður og meta hvort þörf sé á notkun útrýmingarefna eða hvort hægt sé að beita aðgerðum sem ekki byggjast á notkun efna. Ef vafi leikur á hvers kyns meindýr um er að ræða skal kalla eftir áliti viðeigandi sérfræðinga.	980/2015 11. gr.	
4.2	Við eyðingu meindýra skal leitast við að nota ekki mikilvirkari útrýmingarefni en þörf krefur. Gæta skal ítrustu varúðar við útlagningu útrýmingarefna og tryggja að þau valdi hvorki tjóni á mönnum og dýrum, öðrum en meindýrum, né berist í matvæli og fóður. Óheimilt er að dreifa eða geyma útrýmingarefni á brunnsvæði og grannsvæði innan verndarsvæðis vatnsbóla.	980/2015 11. gr. og 25. gr.	
4.3	Fylgja skal í hvívetna notkunarleiðbeiningum sem fram koma á ílátum útrýmingarefna eða kunna að fylgja efninu á annan hátt.	980/2015 11. gr.	
4.4	Ef umbúðir rofna og umtalsvert magn varnarefna berst út í umhverfið skal tilkynna Neyðarlínunni um óhappið án tafar. Starfsleyfishafi skal hafa við höndina nauðsynlegan neyðarbúnað, hanska, skolvatn, ísogsefni, auka ílát, o.fl. og kunna að nota þau ef slys ber að höndum.		
4.5	Dýrahæjum og úrgangi skal farga með löglegum hætti.		

5. Varnaðarmiðar

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Þar sem meindýraeyðing fer fram skulu settir upp tímabundnir varnaðarmiðar á áberandi stað.	980/2015 11. gr.	
5.2	Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:	980/2015	

<ol style="list-style-type: none"> 1. Yfirskrift með stóru lettri, er segir „Varúð - Meindýraeyðing“. 2. Heiti útrýmingarefnisins sem notað er og heiti virkra efna sem það inniheldur. 3. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila er framkvæmir meindýraeyðinguna. 	11. gr.	
--	---------	--

6. Skýrsla um útrýmingu meindýra

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Sé meindýraeyðir að vinna við útrýmingu á rottum eða veggjalús ber honum, að útrýmingu lokinni, að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver var verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða varnarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna og dýra, annarra en meindýra, eða umhverfið.	980/2015 12. gr.	
6.2	Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um var að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.	980/2015 12. gr.	

7. Förgun og losun útrýmingarefna

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Óheimilt er að endurnota tómar umbúðir varnarefna. Skola skal tómar umbúðir og skolvatnið notað til þynningar í úðunarblöndu. Tómum umbúðum, óþynntum og þynntum úðunarefnum skal fargað í samræmi við upplýsingar á umbúðum, á uppfærðum öryggisblöðum, og í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.	980/2015 19. gr. Lög nr. 55/2003	
7.2	Óheimilt er að hella úðunarvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.	980/2015 19. gr.	

8. Viðurlög

		Rgl.nr.	Uppfyllt
8.1	Brot á ákvæðum starfsleyfis getur varðað sviptingu starfsleyfis. Með brot á starfsleyfi og málsmeðferð skv. því skal fara skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum skv. þeim. Með mál út af brotum á gildandi lögum og reglugerðum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála.	980/2015 31. gr.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, lögum nr. 55/2003

um meðhöndlun úrgangs.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 10.06.2017



Kristín Linda Árnadóttir